

A 1840/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um  
**þingmannatillögu um jafnt aðgengi að menntun og velferð fyrir  
heyrnarskerta á Norðurlöndum**

**Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að unnin verði samnorræn úttekt á hönnun húsnæðis og tæknilegum  
aðbúnaði í norrænum skólum með tilliti til þarfa heyrnarskertra og  
sjónskertra nemenda,  
að úttektin feli einnig í sér greiningu á fjárhagslegum afleiðingum þess að  
taka upp samræmda hönnun skólahúsnæðis.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að tryggja að heilbrigðiskerfin á Norðurlöndum geti mætt heyrnarskertum  
einstaklingum með viðeigandi hætti

**Bakgrunnur**

Samskipti eru öllu fólki mikilvæg. Við þurfum upplýsingar um allt það sem nútímalíf  
krefst og við þurfum að eiga samskipti til að taka þátt í samfélaginu.

Jafnt aðgengi að opinberri menntun og velferð er grundvallaratriði í norræna líkaninu.  
Norrænu velferðarkerfin standa frammi fyrir sömu áskorununum og við þurfum að  
nýta tækifærin til að læra hvert af öðru og leiðrétta misræmi, stuðla að jafnrétti og  
vinna gegn mismunun.

Um 14,5 prósent (fjórar milljónir manna) Norðurlandabúa búa við heyrnarskerðingu  
sem hefur áhrif á daglegt líf þeirra, t.d. í formi einangrunar og brottfalls úr skóla og  
vinnu. Heyrnarskertir eru fjölbreyttur hópur fólks og æ fleiri glíma við skerta heyrn.  
Heyrnarmein eru aðkallandi og hratt vaxandi lýðheilsuvandi sem færast í aukana með  
hækkandi meðalaldri þjóðanna.



Heyrnarskerðing spillir oft möguleikum barna og ungmenna til almennrar skólagöngu. Það er mikilvægt úrlausnarefni á öllum Norðurlöndum að jafna lífsskilyrði og skapa öllum börnum sömu möguleika til samskipta óháð líkamlegri hæfni. Þekkingar- og menningarnefndin er því þeirrar skoðunar að börnum og ungmennum sem ganga í skóla verði að standa til boða meiri tæknileg aðstoð vegna heyrnarskerðingar á öllum skólastigum, meðal annars til að auka möguleika þeirra á að flytjast milli Norðurlandanna vegna náms. Undir þetta fellur hljóðjöfnunarbúnaður, hljóðnemar, tónmöskvar og rittúlkun. Norrænu ríkin verða að gera ráðstafanir til að fjarlægja hindranir í eldri skólabyggingum og sjá til þess að nýtt skólahúsnæði fylgi samræmdri hönnun. Norska verkefnið: [Veikart for et universelt utformet nærscole 2030](#) („Leiðarvísir um samræmda hönnun hverfissskóla 2030“) þarf að komast til framkvæmda í öllum norrænu ríkjum. Taka þarf út allt skólahúsnæði og gæta þess að bætt sé úr göllum í öllum starfandi skólum.

### Sjónarmið nefndarinnar

Þekkingar- og menningarnefndin lýsir stuðningi við tillögu flokkahóps jafnaðarmanna um jafnt aðgengi að menntun og velferð fyrir heyrnarskerta á Norðurlöndum með þeim breytingum á tillöguliðunum sem nefndin hefur lagt til. Tillagan var send Norrænu velferðarnefndinni til umsagnar, og lýsti hún einnig stuðningi við tillöguna og breytingarnar á tillöguliðunum. Norræna velferðarnefndin lagði einnig til að úttekt á hönnun húsnæðis og tæknilegum aðbúnaði með tilliti til þarfa heyrnarskertra nemenda yrði einnig látin taka til sjónskertra nemenda. Þekkingar- og menningarnefndin lýsti sig fylgjandi þeirri tillögu.

Nefndin er þeirrar skoðunar að tillagan hafi umtalsvert norrænt notagildi í þeim skilningi að úttekt myndi hraða vinnunni við samræmda hönnun skólahúsnæðis. Samkvæmt samningnum um réttindi fatlaðs fólks frá árinu 2006<sup>1</sup> hafa fötluð börn sama rétt og önnur börn til menntunar og eiga að fá þann stuðning sem þau þurfa til að ná eins miklum náms-, vitsmuna- og félagsþroska og kostur er. Í svonefndri *Almennri umsögn nr. 4* sem nefnd um réttindi fatlaðs fólks hefur gefið út um rétt til menntunar skv. 24. gr. samningsins um réttindi fatlaðs fólks kemur fram að allir eigi að geta sótt alla skóla og menntastofnanir óháð fötlun.

Í skýrslu um sænska verkefnið *Rätt från början* segir: „Menntakerfin verða að taka mið af því að nemendur tileinka sér lærdóm á ólíkan hátt og kennslan verður að vera sveigjanleg til þess að nemendur geti stundað námið með þeim hætti sem hentar þeim best. Húsnæði, námsskrár og námsefni verður allt að vera aðgengilegt. Haga ber kennslu, skólaakstri, salernisaðstöðu, skólamötuneytum og frístundahúsnæði með þeim hætti að allt umhverfið sé öllum opið og jafnræði nemenda tryggt. Með því að tryggja öllum börnum og ungmennum jafnræði í menntakerfinu eykst einnig jafnræði í þjóðfélaginu í heild þegar fram í sækir.“<sup>2</sup>

<sup>1</sup> <https://www.regeringen.se/4ae1cb/globalassets/regeringen/dokument/socialdepartementet/funktionshinder/konvention-om-ratt-tigheter-for-personer-med-funktionsnedsattning.pdf>

<sup>2</sup> <https://rattfranborjan.nu/wp-content/uploads/2019/11/Universell-utformning-inom-utbildningsomr%C3%A5det.pdf>



Nefndin lýsir sig fylgjandi þessari hugsun og telur að samræmd hönnun skólahúsnæðis stuðli að betra námsumhverfi fyrir alla og auki möguleika fatlaðs fólks til að stunda nám, sem einnig getur gert fólki auðveldara að flytjast milli Norðurlanda.

Hvað viðvíkur þriðja tillöguliðnum, sem beint er til norrænu ríkisstjórnanna, telur nefndin að löndin verði að tryggja að heilbrigðiskerfið geti mætt heyrnarskertum einstaklingum með viðeigandi hætti. Í Svíþjóð einni er talið að um 1,5 milljónir manna hafi heyrnarskerðingu að einhverju leyti. Í allri heilbrigðisþjónustu og umönnun er mikilvægt að starfsfólk hafi þekkingu á heyrnarskerðingu og þörfum heyrnarskertra, óháð því hvers vegna þeir sækja sér heilbrigðisþjónustu. Því ætti allt starfsólk heilbrigðis- og umönnunarkerfisins að hafa grundvallarþekkingu á þörfum heyrnarskertra og hvernig best megi eiga samskipti við heyrnarskerta einstaklinga til að geta mætt þeim með góðum hætti án aðgreiningar.

Tillagan samrýmist eftirfarandi heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun: 3.8 Að afnema mismunun í menntakerfinu; 4.5 Að afnema mismunum í menntakerfinu: 4.A: Að skapa öruggt menntaumhverfi án aðgreiningar

Norðurlöndum, 13. apríl 2021

*Angelika Bengtsson (SD)*

*Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)*

*Camilla Gunell (ÅSD)*

*Daniel Riazat (V)*

*Edmund Joensen (sb)*

*Erlend Wiborg (FrP)*

*Henrik Møller (S)*

*Johan Kvarnström (sd)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Marianne Synnes Emblesvåg (H)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Veronika Honkasalo (vinstri)*